

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1986

15. janúar 1986

1

Nr. 1

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 27. janúar 1986, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 15. janúar 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

24. janúar 1986

Nr. 2

AUGLÝSING

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 94/1985, um skipun og skipting
starfa ráðherra.

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 94 frá 16. október 1985, um skipun og skipting starfa ráðherra, að ráðherra Matthías Á. Mathiesen eru falin ráðherrastörf þau, sem Geir Hallgrímssyni voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.